

Nd.

440. Nefndarálit

um frv. til 1. um að flytja fé ellistyrktarsjóða sveitar- og bæjarfélaga úr aðaldeild söfnunarsjóðs í útborgunardeild hans.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við frvgr. Greinin verður 1. gr. og orðast svo:

Ellistyrktarsjóðir bæjar- og sveitarfélaga, sem nú eru á vöxtum í aðaldeild söfnunarsjóðs Íslands, skulu nú þegar fluttir í útborgunardeild sjóðsins og falla til útborgunar 1. júlí 1939 til Tryggingarstofnunar ríkisins.

Söfnunarsjóðurinn greiðir ellistyrktarsjóðina með skuldabréfum, sem tryggð eru með 1. veðrétti í fasteignum og skuldabréfum, sem sveitar- og bæjarfélög hafa gefið út með tryggingu í eignum sínum og tekjum, eftir nánara samkomulagi við Tryggingarstofnun ríkisins.

2. Á eftir 1. gr. kemur ný (2.) gr., svo hljóðandi:

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gísli Guðmundsson var fjarverandi vegna veikinda, er málið var afgreitt.

Alþingi, 4. maí 1938.

Bergur Jónsson, Vilm. Jónsson, Thor Thors.
form., frsm. fundaskr.
Garðar Þorsteinsson